

7/4 '87

Á R S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1980.

### 1. VEÐURFAR ÁRSINS.

Veðurfar ársins verður að telja hagstætt. Veturinn fremur góður, en talsverður snjór í innsveitum. Vorið var talsvert hlýrra en í meðalári og úrkoma yfir meðallagi. Sumarið var ágætt, þegar miðað er við undanfarin sumur, en sé miðað við meðaltal árunna 1930-66, er það kaldara en í meðalári. Sumarið var mjög þurt framan af. Þar sem veður skýrslur liggja ekki fyrir um allt árið, mun ég seimna senda yfirlit um veðurfar ársins á sérstöku blaði, sem þá má hefta aftan við skýrsluna.

### 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

Laufgun og lauffalþirkis. Þirki um norðanverðan Borgarfjörð laufgáðist um mánaðarmótin maí-júní, og lauffall varð í síðustu viku september.

Fræfall var lítið. Nokkuð var þó af könglum á stafafuru, en virtist illa þroskað.

Vöxtur barrtrjáa var allsstaðar lítil eftir svo slæmt sumar sem 1979 var. Aldrei hef ég séð jafnstutta árssprota á stafafuru. Barrtré voru mjög gulleit um vorið, en það lagaðist verulega, þegar á sumarið leið, en fölnaði svo aftur í október. Lauftré uxu mjög sæmilega.

Skaðar. Allan síðastliðinn vetur voru að koma í ljós skaðar, sem áreiðanlega eru afleiðingar hins kalda sumars og hausts árið 1979. Einkum mun hinn kaldi september þess árs hafa valdið hér miklu.

Sitkagreni hefur farið verst, en mjög er það mismunandi eftir stöðum. Þar sem best lætur eru um 15% árssprotanna kalnir, en þar sem verst er, eru um 90% þeirra kalnir. Sumsstaðar er efri hluti trjáanna kalinn. Rauðgreni hefur hefur víða farið illa nema í besta skjóli. Einkum eru það árssprotar, sem eru kalnir. Sýnt er að mun minna verður af jólatrjám á næstu árum af þessum sökum. Blágreni hefur staðið sig best grenitegunda. Stafafuran var allsstaðar mjög gul eftir veturinn, en lítið kalin.

### 3. STARFSFÓLK.

Birgir Hauksson, verkstjóri, starfaði hér allt árið. Hann fékk nú fastan ráðningarsamning, og nýtur nú fullra lífeyrissjóðsréttinda.

Frá 27. maí - 5. september var starfandi matarfélag, þó að undanteknum tveimur vikum (19. júlí - 4. ágúst), en þá var heyskaparfrí, svo sem tíðkast hefur. Auk ráðskonu störfuðu lengst af 4 stúlkur og 2 piltar. Gunnar Eiríksson, Grjóti, sá að vanda um viðhald girðinga í Þverárhlið og Hvítársíðu. Auk og þegar Birgis starfaði Jómundur Ólason, Hreðavatni, að höggi jólatrjáa.

## 4. GIRÐINGAR.

Farið var með öllum girðingum í Hvítársíðu og Þverárhlíð, svo sem áður getur. Einnig var farið með Jafnaskarðsskógargirðingu. Reyndar stóð til að endurgirða verulegan hluta hennar, en girðingarvefnið kom svo seint, að maður sá, sem ætlaði að girða, var kominn í annað. Netið sem kom, var hinsvegar mjög lélegt, bæði efnislítið og gallað. Væntanlega fæst annað og betra í vor. Gert var við Hörðubólsgirðingu og Staðarfellsgirðingu. Eins og um getur í fyrri skýrslum, liggur fyrir að endurgirða og gera við margar girðingar, Stórafjalls-, Sauðhússkógar-, Laugabóls- og Hjarðarholtsgirðingar. Þá þarf að taka ákvörðun um Munaðarnesgirðingu, en um hana hafa engir samningar tekist.

## 5. SKÓGARHÜGG.

Grisjun var nokkur, einkum í Jafnaskarðsskógi. Hér liggur mikið fyrir, því að grisjun hefur verið algerlega vanrækt um langt árabil.

Jólatrá. Í september voru merkt hátt á fimmta hundrað jólatrjáa, en síðan gulnuðu þau mikið, og endanleg tala þeirra varð 367. Höggvið var:

	Jafnaskarðssk.	Stórafjallssk.	Samtals
0.75 - 1.00	60	50	110
1.01 - 1.25	41	45	86
1.26 - 1.50	45	15	60
1.51 - 1.75	38	5	43
1.76 - 2.00	21	-	21
2.01 - 2.50	22	-	22
2.51 - 3.00	13	-	13
3.01 - 4.00	9	-	9
4.01 - 5.00	1	-	1
5.01 - 6.00	2	-	2
Samtals	<u>252</u>	<u>115</u>	<u>367</u>

Mögulegt hefði verið að afgreiða mun meira af trjám yfir 2.50 m, en eins og kunnugt er, var okkur skömmtuð talan.

Eins og áður er getið, er sýnt að mun minna verður af jólatrjám á Vesturlandi á næstu árum vegna skaðanna eftir kalda sumarið 1979.

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ.

Dreifsetning.

Birki 2/0 Andselv .....	500	(kom frá V 1979)
" " Rundhaug .....	800	"
Viðja .....	2.000	(tókst illa)
Brekkuvíðir .....	200	
Alaskavíðir .....	50	
	<hr/>	
Samtals	3.550	
	<hr/>	

Afhending Skógarplantna.

Rauðgreni 2/4 B 804 .....	9.000
Stafafura 2/4 B 854 .....	1.250
	<hr/>
Samtals	10.250
	<hr/>

Afhending garðplantna.

Viðja .....	2.750
Reyniviður .....	33
Alaskaösp .....	11
Birki .....	10
Aðrar tegundir .....	23
	<hr/>
Samtals	2.827
	<hr/>

Skógarpl. til afh. 1981.

Birki 1/2, Geitagerði, B 950 .....	7.000
------------------------------------	-------

Ymislegt.

Engin ný tæki voru keypt í græðireitinn. Nauðsynlegt væri að keyra mýrarmold í reitinn, en slíkt er kostnaðarsamt. Jafnframt þyrfti að eyða illgresi, sem er afar mikið í reitnum frá fornu fari.

Þá er nauðsynlegt að leiða rafmagn í skúrana, svo að hægt sé að vinna þar að vor- og haustlagi.

Engar dreifsetningarplöntur fengust á síðastliðnu vori, en vonandi stendur það til bóta. Áætlega hefur gengið að rækta ýmsar tegundir í reitnum, einkum stafafuru, rauðgreni og birki. Aðrar tegundir, svo sem sitkagreni og lérki henta þar ekki vegna sumarfrosta, sem eru algeng.

## 7. GRÓÐURSETNING.

Norðtunguskógur:	Stafafura 2/4 B 854	800 ✓	
	Rauðgreni 2/4 B 804	<u>1.200</u>	2.000 ✓
Síðumúlagirðing:	Birki 2/2 B 901	<u>1.000 ✓</u>	1.000 ✓
Munaðarnes:	Rauðgreni 2/4 B 804	800 ✓	
	Stafafura 2/4 B 854	<u>200 ✓</u>	1.000 ✓
Jafnaskarðssk.:	Rauðgreni 2/4 B 804	<u>7.000 ✓</u>	<u>7.000 ✓</u>
	Samtals	<u>11.000</u>	

Rauðgrenið, sem sett var í Jafnaskarðsskóg var sett í ágúst. Ann- að var gróðursett í júní.

## 8. HIRÐING PLANTNA.

Borið var á stafafuru fyrir neðan græðireitinn í Norðtunguskógi. Þá var borið úr flugvél á rauðgrenigróðursetningar í Stórafjallsskógi og Jafnaskarðsskógi, samtals 3 tonn. Borið var á 17. júlí. Áskilegast hefði verið að bera á mun fyrr, helst fyrir Jónsmessu. En um það var ekki að ræða, þar sem flugvélin var ekki fyrr á ferðinni. Þó er ekki víst að það hefði skipt svo miklu máli þessu sinni, því að fram að þessum tíma hafði verið mjög þurt, og því óvís<sup>t</sup> hvort áburðurinn hefði komið að nokkru gagni, þótt fyrr hefði verið borið á. Áburðaráhrifin voru mjög greinileg, og án þessarar dreifinga ætla ég, að jólatrjáahöggið hefði orðið mun minna. Því miður er alllangur spölur til þessara staða frá flugvellinum á Kroppsmelum. Einnig er landslag þannig í Jafnaskarðsskógi þannig, að erfitt er að komast að hinum ýmsu reitum.

## 9. BYGGINGAR.

Á árinu var að mestu lokið við endurbyggingu Skógarkots. Ný rúmstæði og dýnur voru settar í svefnherbergi og nýjir borðstofustólar keyptir. Ný vatnsleiðsla var lögð, sú gamla var alltof grunnt sett.

Keypt var tilbúið viðleguhús í Húsasmíðjunni og sett niður í neðan- verðum Hreðakotsbrekkum í Jafnaskarðsskógi. Húsið stendur á mjög skýlum stað rétt við rústir hins forna Hreðakots, og gengur nú húsið undir því nafni. Fram til þessa hefur ekki fundist öruggt vatnsból í Jafnaskarðs- skógi, en nú tel ég mig hafa fundið það. Verður lögð leiðsla að vori og vaskar og salerni sett í húsið. Vatnsleiðslan verður rétt hulin, svo að aðeins verður um sumarvatn að ræða.

Þá var undir árslok keypt fokhelt viðleguhús, sem hægt verður að flytja milli staða á vörubíl.

#### 10. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Á síðastliðnu vori var Toyotan seld og rússajeppi keyptur í staðinn. Hann verður væntanlega styrktur á nýja árinu og settir á hann hliðargluggar. Mikil bót er að því, að hafa fengið bíl, sem hægt er að aka á öðru en bestu sumarvegum.

Dráttarvél með drifi á framhjólum fæst væntanlega að vori, og er það mikið tilhlökkunarefni, einkum ef ámoksturstæki fást á hana áður en um langt líður.

Ein kjarrsög var keypt á árinu hjá Dynjandi. Reyndist hún full kraftlítil. Nauðsynlegt er að fá aðra betri og nýja létta keðjusög. Óðadælu þyrftum við líka nauðsynlega að fá.

#### 11. ÝMISLEGT.

Helstu ferðalög voru þessi:

- 17.- 21. mars. Skógarvarðafundur í Reykjavík.
- 06.-09. maí. Ferð um Dali, Stykkishólm og Snæfellsnes.
- 28.-30. maí. Ferð í Dali, Stykkishólm og Ólafsvík (Gröðursetn. o.fl.)
- 27.-28. júní. Aðalf. Skógræktarfélag Íslands á Þingvöllum.
- 29.-02. júlí. Með norrænum skógræktarm. að Hallormsstað.
- 23.-26. júlí. Um Strandasýslu og V.-Barðastrandarsýslu.
- 29.-31. júlí. Aðalfundur vestfirskra náttúruverndarsamtaka á Reykjanesi.
- 01.-06. sept. Ferð um Vestfirði ásamt Snorra Sigurðssyni.
- 22.-25. sept. Með Sig. Bl. um Djúp, Barðastr.sýslu og Dali.
- 11.-12. nóv. Um Dali.

#### 12. LOKAORÐ.

Þessu sinni skal aðeins vísað til lokaorða í síðustu skýrslu. Þó vil ég áréttta það, að eigi að sinna þeim verkefnum, sem hrannast hafa upp, þá er nauðsynlegt að hafa tvo vinnuflokka í gangi næstu árin. Þetta mætti ef til vill gera í samvinnu við skógræktarfélagin, því að þau anna engan veginn þeim verkefnum, sem fyrir liggja. En það er sýnt, að Skógræktarfélag Íslands verður að hafa forgöngu um þetta mál fyrir þeirra hönd, annars gerist ekkert í málinu.

Mógilsá í mars, 1981.